

## 112. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis haldinn að heimili formanns 31. janúar 2019.

**Mættir:** Auður Inga Ólafsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Páll Árdal, Einar Gauti Helgason og Eiríkur K. Aðalsteinsson.

Fjarverandi: Víðir Benediktsson

### 1. Fundi frestað

Fundi sem boðaður var 12.nóvember 2018 var frestað vegna fjarveru nefndarmanna.

### 2. Leikskólamál – Auður

Spurt var um stöðu leikskólamála og hafði enginn nefndarmanna neinar fréttir um þau málefni. Berglind ætlar að heyra í Karli Frímannssyni hjá Fræðslusviði Akureyrarbæjar.

### 3. Skólaráð – Helgi.

Helgi sagði okkur frá bréfi sem skólaráðið og hann fyrir hönd hverfisnefndarinnar sendi á skipulagsráð bæjarins. Þar segir að í mörg ár hafi nemendur sem búi við Lyngholt og Stórholt þurft að ganga yfir Glerárgötu til að komast í skólann. Þjóðvegur 1 liggur um Glerárgötu sem er afar umferðarþung, enda um tvær akreinar að ræða í báðar áttir. Hefur því Skólaráð Glerárskóla á Akureyri og hverfisnefnd Holta- og Hlíðahverfis á Akureyri óskað eftir því að ráðist verði í framkvæmdir til þess að auka öryggi nemanda á leið í skólann. Skólaráðið og hverfisnefndin vilja göngubrú eða undirgöng undir þjóðveg 1 sem liggur í gegnum bæinn. Þá er einnig farið fram á það að settar verði gangbrautir víðar en nú er á helstu leiðum við Glerárskóla, sérstaklega við Höfðahlíð en í bréfinu segir að gatnamót Höfðahlíðar og Skarðshlíðar séu afar varasöm og erfið.

Í bókun skipulagsráðs vegna bréfsins segir að óskað verði eftir umsögn skipulagsviðs bæjarins, sem og umhverfis og mannvirkjasviðs um það sem lagt er til í bréfinu.

### 4. Aðalfundur hverfisnefndar

Skoða á að halda aðalfund hverfisnefndar 10.apríl nk. og Helgi og Berglind hafa ákveðið að halda ekki áfram að vera með í hverfisnefnd enda er Berglind búin að starfa með nefndinni í 10 ár og Helgi í 7 ár. Verkefni sett á nefndarmenn að finna út hvað skal verða umræðuefni aðalfundarins.

### 5. Hörgárbraut – Auður

Auður sendi inn pistil þann 7.október 2018 inn á allar pólitískar síður bæjarfulltrúa Akureyrar til að vekja athygli á göngubrautinni við Hörgárbraut. Þann 10.október voru settar upp hraðahindranir við gangbrautina yfir Hörgárbraut, neðst við ljósinn og 17.nóvember voru síðan gangbrautarljósinn tendruð.

4.desember birtist umferðarmerki við Stórholt/Hörgárbraut sem sýnir að nú megi ekki beygja til vinstri út á Hörgárbrautina. Það er mjög góð forvörn í slysaumræðunni því þvera þurfti Hörgárbrautina til að keyra niður til vinstri. Umræða um lengd ljósanna leiðir í ljós að öllum finnst of langur tími fara í rautt ljós á bílana og muni það valda því að þau verði ekki virt. Vonandi mun það breytast.

**6. Vegagerðin – Akureyrarbær**

Upp kemur sú spurning að fá yfirlit yfir þær götur á Akureyri sem Vegagerðin sér um og þær götur sem Akureyrarbær á að sjá um.

**7. Gangbrautir í hverfinu.**

Nefndarmenn tala um að fá hjá Akureyrarbæ yfirlit yfir skráðar gangbrautir í hverfinu og fylgjast síðan með að þær verði gerðar greinilegar í vor.

**8. Undirhlíð**

Umræða um nýju blokkina við Bónus. Hvernig gangstéttir koma til með að tengjast götunni og húsinu? Einnig hvort ekki eigi að gera framhjálaup við þessa nýju blokk og götuna hjá Bónus svo íbúar þurfi ekki alltaf að bíða eftir að komast heim til sín á álagstímum við búðina?

**9. Lóðir við Óseyrina – Berglind**

Íbúi við Lyngholt á Akureyri sendi bréf til verslunarstjóra Líflands í ársbyrjun þar sem hann tók fram að íbúar hefðu verulegar áhyggjur og ama af öllu því drasli sem verið sé að safna upp á lóðunum við Óseyrina. Áhyggjur snerust aðallega að öryggi barna sem þarna væru hugsanlega að leik, sem og að mikil sjónmengun væri af því dóti sem þar væri. Íbúinn fékk strax svar frá verslunarstjóranum sem sagðist strax ganga í málið og ræða við aðra sem hefðu aðgang að þessu plani sem um ræðir hjá Líflandi. Nefndarmenn geta ekki annað séð en að af því hafi orðið og planið örlítið snyrtilegra en það var.

Þetta var góður fundur og mikill hiti í nefndarmönnum um ýmis málefni.

Næsti fundur í byrjun febrúar 2019.

Berglind Rafnsdóttir formaður og ritari.